



Sjálfbærniskýrsla

2020



Ávarp framkvæmdastjóra

31. maí 2021

Ágæti lesandi,

Samfélagsábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi hefur birst í starfsemi Verkís frá upphafi, svo sem í gæðaferlum og sérstökum áherslum á umhverfis- og öryggismál. Verkís tekur hlutverk sitt sem þátttakandi í samfélaginu alvarlega og leitar stöðugt nýrra leiða til að veita ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga.

Verkfræðingar og hönnuðir eru áhrifavaldar þegar kemur að sjálfbærni og tækniþróun, enda oft á tíðum lykilaðilar í rannsóknum og verkefnum sem tengjast nýsköpun. Í störfum okkar horfum við í átt að sjálfbærni og leggjum áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif af þeim verkefnum sem við höfum átt aðkomu að.

Síðastliðið eitt og hálft ár hefur heimsfaraldur haft gríðarleg áhrif á líf og störf. Við hjá Verkís þurftum, líkt og aðrir, að laga okkur að breyttum aðstæðum og sinnti meirihluti starfsmanna vinnu sinni að heiman í lengri eða skemmri tíma. Við erum stolt af starfsfólkinu sem leysti þetta vel af hendi.

Mikið dró úr losun gróðurhúsalofttegunda hjá Verkís á milli ára, m.a. þar sem ferðalög starfsfólks á milli landa lögðust alveg niður og verulega dró úr ferðum á milli heimilis og vinnustaðar. Vegna veirunnar vorum við knúin til að hugsa hlutina upp á nýtt og munum við eflaust nýta okkur þau vinnubrögð áfram að hluta þegar heimurinn opnast á ný. Við höfum meðal annars sett okkur fjarvinnustefnu sem gerir starfsfólki kleift að vinna hluta af vinnuvikunni heima og mun það án efa eiga þátt í að auka ekki losun gróðurhúsalofttegunda aftur.

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er ætlað að varpa ljósi á hvernig okkur hefur gengið að innleiða sjálfbærniþætti, bæði í rekstri stofunnar og þeirri þjónustu sem við veitum, sem og að uppfylla þau markmið sem við settum okkur um sjálfbærni á árinu. Skýrslan byggist á UFS (Umhverfi, Félagslegir þættir og Stjórnarhættir) leiðbeiningum Nasdaq. Hún er send til UN Global Compact til að uppfylla skuldbindingu við félagið en fyrst og fremst hvetur skýrslugerðin okkur sjálf til að horfa yfir farinn veg og finna nýjar leiðir til að gera ætíð betur.

Með kærri kveðju,

Sveinn I. Ólafsson

Framkvæmdastjóri



Gildi og siðareglur

Verkís kappkostar að láta gott af sér leiða fyrir viðskiptavinum, starfsmenn, samstarfsaðila, þjófðfélagið og umhverfið. Eftirtalin gildi eru leiðarljós okkar:



HEILINDI



METNAÐUR



FRUMKVÆÐI

Verkís gerir sér grein fyrir mikilvægu hlutverki sínu sem þekkingarfyrtæki í samfélaginu og starfar í samræmi við siðareglur sem haldast í hendur við gildi Verkís, og taka til innri og ytri starfsemi fyrirtækisins.

Tilgangur siðareglanna er að sporna við spillingu, draga fram samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins og skerpa á þeim siðferðislegu viðmiðum sem Verkís leggur áherslu á í störfum sínum:

ALMENNT

- Við leysum störf okkar samviskusamlega af hendi í samræmi við gott siðferði, heiðarleika og ábyrgð og stuðlum þannig að virðingu og góðu orðspori fyrirtækisins.
- Við leggjum okkur fram um að eiga jákvæð, hreinskilin og heiðarleg samskipti við samstarfsfólk, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.
- Við virðum trúnað og gætum þagmælsku gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.
- Við forðumst hagsmunaárekstra og gætum að hlutleysi í störfum okkar.

ÞEKKING OG MIÐLUN

- Við höldum faglegri þekkingu okkar og færni þannig að þjónusta okkar sé ávallt sú besta sem völ er á hverju sinni.
- Við leitumst við að miðla þekkingu til hagsmunaaðila og samfélagsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

- Við leggjum áherslu á gagnsæi við allar ákvarðanatökur er varða starfsemi fyrirtækisins.
- Við styðjum og virðum mannréttindi og viðurkennum mikilvægi þeirra í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlega sáttmála og aðrar siðareglur.
- Við leggjum okkur fram um að leita lausna og veita þjónustu sem samræmist meginreglum um sjálfbæra þróun.
- Við höfum sett okkur verklagsreglur með það að leiðarljósi að hvetja til aukinnar samfélagslegrar vitundar og ábyrgðar og leggjum þannig áherslu á að sporna við óviðeigandi háttsemi.
- Við virðum réttarríkið og viðurkennum að fylgni við lög og aðrar réttarreglur er ófrávíkjanleg.

Siðareglur þessar byggja m.a. á siðareglum FRV, FIDIC, VFÍ, ISO 26000 og almennt viðurkenndri háttsemi.



Hlutverk og stefnur

Hlutverk Verkís er að skapa verðmæti og styðja þróun samfélagsins og innviða þess með faglegri ráðgjöf og hönnun.


Stefnumið Verkís er að leggja áherslu á fyrsta flokks þjónustu og hefur að markmiði að vera bestí kostur fyrir:

- Viðskiptavinum með traustri ráðgjöf sem uppfyllir þarfir þeirra á skilvirkan og hagkvæman hátt.
- Starfsfólk með góðu og hvetjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólki líður vel og þróar hæfileika sína.
- Samfélagið með áherslu á ábyrga starfshætti, sjálfbærni og nýsköpun.

Verkís leggur mikinn metnað í að allir geti notið góðs af starfsemi fyrirtækisins. Við hvetjum til ábyrgðar í störfum okkar, horfum til framtíðar með sjálfbærni að leiðarljósi, og höfum þannig jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfi okkar.

Verkís hefur sett sér gæðastefnu, mannauðsstefnu og samfélagsstefnu í takt við stefnumiðin. Áhersla er lögð á stöðugar umbætur og er starfssemin vottuð samkvæmt ÍST 85 Jafnlaunastaðli og alþjóðlegum stjórnunarstöðlum:

- Gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.
- Umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001.
- Öryggis- og heilbrigðisstaðlinum OHSAS 18001.



Verkís styður við Global Compact sáttmálann, tileinkar sér Heimsmarkmið SP, er aðili að Grænni byggð og Festu, auk þess að hafa skrifað undir Nordic Built sáttmálann og loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.



UN Global Compact

UN Global Compact er samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og einkaaðila um að fylgja tíu viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð. Viðmiðin hvetja fyrirtæki til að leggja sitt að mörkum á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og í baráttunni gegn spillingu.

Samfélagsábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi hefur birst í starfsemi Verkís frá upphafi þar sem undanfarar hafa tekið stóran og virkan þátt í sjálfbærri þróun og innviðauppbyggingu íslensks samfélags síðustu 85 ár. Með þátttöku í Global Compact ætlar Verkís sér að samþætta enn frekar sjálfbærar áherslur í starfsemi sína og halda áfram að taka virkan þátt í þróun sjálfbærni fyrir íslenskt og erlend samfélög. Verkís skrifaði undir UN Global Compact í maí 2018 og fylgir eftir skuldbindingunni með árlegri skýrslugerð.



Heimsmarkmið SP

Fulltrúar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna (SP) komu sér saman um 17 heimsmarkmið til að vinna betur saman að sjálfbærri þróun til ársins 2030. Með markmiðunum hafa aðildarríkin og atvinnulífið öðlast mikilvægan leiðarvísi í átt að velsæld komandi kynslóða.

Starfsemi Verkís er í tengslum við flest heimsmarkmiðanna en fyrirtækið styður markvisst við þrjú þessara markmiða, sem tengjast stefnuáherslum og starfssemi fyrirtækisins á beinan hátt og fléttast vel saman við stuðning Verkís við UN Global Compact.



Markmið 5 - Jafnrétti kynjanna

Frá upphafi hefur Verkís lagt ríka áherslu á jafnréttismál. Árið 2012 var Verkís fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta gullmerki PwC eftir jafnlaunaúttekt og hlaut það aftur árið 2018. Árið 2018 var Verkís fyrsta verkfræðistofan á Íslandi til að fá jafnlaunavottun Jafnréttisstofu.



Markmið 7 – Sjálfbær orka

Hjá Verkís starfa helstu sérfræðingar landsins í sjálfbærri orkunýtingu sem hafa komið að hönnun fjölmargra orkumannvirkja. Í samvinnu við atvinnulífið tekur Verkís þátt í að miðla þekkingu um jarðvarma- og vatnsorku og hitaveitu jafnt innanlands sem á erlendri grund.



Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög

Hjá Verkís er veitt ráðgjöf með vistvænum áherslum og er þá horft til þriggja þátta, vistvænnar hönnunar, líffærisgreininga og samfélagsgreininga. Vistvænar áherslur vega á móti umhverfisáhrifum mannvirkis á líftíma þess auk þess að draga úr kolefnisfótspori, fjárhagslegri soun og viðhalda öryggi og þægindum notenda án þess að það bitni á umhverfi eða fjárhag.

Grænni byggð

Grænni byggð (áður Vistbyggðaráð) eru félagssamtök sem rekin eru án hagnaðarmarkmiðs og starfa sem partur af alþjóðlega tengslanetinu World Green Building Council sem 70 ríki víðsvegar um heim eru partur af. Stjórnarformaður Grænni byggðar á árunum 2019-2021 er starfsmaður Verkís.

Tölur sýna að rekja megi um helming allrar auðlindanýtingar og allt að 30-40% orkunotkunar og útblásturs til byggingariðnaðarins, sem gerir hann að þeim iðnaði sem losar mest af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu.

Verkís starfar með Grænni byggð að því að breyta hinu byggða umhverfi til vistvænni háttar þannig að Ísland standi við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum:

Við gerð og hönnun bygginga skulu valin efni og aðferðir er henta við íslenskar aðstæður, leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, velja vistvænar lausnir þar sem það er mögulegt og miðla hönnunina við allan líftíma þeirra. Leitast skal við að lágmarka auðlindanotkun og hámarka notagildi, hagkvæmni og þægindi notenda.



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND



Festa og loftslagsyfirlýsing Verkís

Verkís er félagi í Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð sem eru frjáls félagsamtök með aðsetur í Háskólanum í Reykjavík.

Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og stuðla að aukinni sjálfbærni. Festa tengir saman ólíka aðila; fyrirtæki, sveitafélög og einstaklinga sem vilja vera leiðandi á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni.



Í nóvember 2015 skrifaði framkvæmdastjóri Verkís, ásamt forsvarsmönnum fleiri fyrirtækja, undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta var stór áfangi, sem vakti athygli á alþjóðlegum vettvangi og var kynnt á Parísarráðstefnunni um loftslagsmál í lok árs 2015.

Verkís ætlar að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Minnka myndun úrgangs
- Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta



MARKMIÐ OG ÁRANGUR Í LOFTSLAGSMÁLUM

KOLEFNISJAFNAÐ
FYRIRTÆKI ÁRIÐ
2030



Hlutfall starfsmanna sem nota vistvænar samgöngur
- með hvatningu, styrkjum og aðstöðusköpun

2015	2020	2030
20%	34%	60%



Fjöldi umhverfisvænna innanbæjarfarartækja
- skipta út núverandi farartækjum fyrir ný af vistvænni gerð

2015	2020	2030
1	4	öll



Hlutfall endurvinnslu
- fræðsla og hvatning

2015	2020	2030
79%	85%	95%



Magn af sorpi á hvern starfsmann
- draga úr úrgangsmýndun með breyttum innkaupum

2015	2020	2030
93kg	91kg	58kg



Kolefnisspor hvers starfsmanns
- draga úr losun og kolefnisjafna með skógrækt og endurheimt votlendis

2015	2020	2030
1,1 tonn	0,6 tonn	0 tonn



Verkís kolefnisjafnar með endurheimt votlendis



Verkís hefur, í samvinnu við Votlendissjóð, jafnað út losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar fyrir árin 2018 og 2019. Er þetta hluti af verkefnum innan loftslagsyfirlýsingar Festu sem Verkís skrifaði undir. Verkís hefur því að fullu kolefnisjafnað starfsemi sína síðastliðin ár. 2016 og 2017 var það gert með skógrækt og svo með endurheimt votlendis 2018 og 2019 og að sjálfsögðu verður haldið áfram á sömu braut.

Samgöngur eru langstærsti þátturinn í kolefnisspori Verkís, einkum flugferðir, bæði innanlands og utan, en einnig verkefnatengdur akstur. Því sveiflast kolefnissporið á milli ára og endurspeglar verkefnastöðuna og hvar verið er að vinna. Sem dæmi má nefna að árið 2018 þegar talsverð vinna var við þeistareykjavirkjun og Bakka jókst losunin en lækkaði aftur árið 2019 þegar þeim verkum var lokið. Breyttir tímar og aðstæður 2020 vegna Covid-19 faraldursins höfðu því mikil áhrif á kolefnisspor Verkís það árið.

Smellið hér til að lesa meira





Umhverfi (U)


UN GC Viðmið 7, 8 og 9

Umhverfisstjórnun – Grænt bókhald




Verkís starfar eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001, en með því er haldið utan um markmið og umbætur fyrirtækisins í umhverfismálum og tryggt að kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins í málaflokkunum séu uppfylltar. Þeir umhverfisþættir sem teljast þýðingarmestir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi fyrirtækisins eru vaktaðir og árangur af stjórnun þeirra birtur í sjálfbærnisráðgjöf. Helstu niðurstöður síðasta árs eru að bæði verkefnatengdur akstur og flug minnkaði á mikið milli ára og mikið dró úr prentun. Athuga þarf þó að áhrif Covid-19 faraldursins eru mikil í þessum málaflokki. Það sýnir þó að mögulegt að er að minnka akstur og flug mikið en hafa þarf það í huga þegar niðurstöður 2021 er skoðaðar. Endurvinnsla minnkaði um eitt prósentustig og fór hlutfall endurunnsins úrgangs í 85% það er þó yfir markmiði um 84% endurvinnslu. Hér kann að vera að Covid-19 faraldurinn hafi haft áhrif en aukin úrgangur vegna sóttvarnarvara (grímur og hanskar) sem ekki má senda í endurvinnslu. Annað sem jók úrgang þó nokkuð árið 2020 eru að breytingar voru í húsnæði Verkís og starfsfólk flutti milli starfstöðva. Samhliða var því tiltekt og miklu var hent, þó var reynt að endurnýta það sem mögulegt var og til að mynda var nokkuð af skrifstofubúnaði (möppur, skilríksblöð, gatarar o.þ.h.) gefið til Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur. Raforkunotkun og eldsneytisnotkun minnkaði frá 2019 en orkunotkun og vatnsnotkun vegna húshitunar jókst ásamt því að neytluvatnsnotkun jókst. Minni eldsneytisnotkun má rekja beint til færri ferða starfsfólks, bæði vinnuferða sem og færri verða í og úr vinnu vegna Covid-19. Húshitun stýrist af veðurfari en meðalhiti ársins 2019 var nokkuð hærri en ársins 2020. Minni raforkunotkun má líklega rekja til þess að færri starfsfólk var við á vinnustað með minni notkun á tölvuskjáum og ljósum. Einnig þar sem vinnutengdum ferðum fækkaði og mikið af bílum Verkís eru drifnir á rafmagni.


E1 – Losun gróðurhúsalofttegunda




E1 – Uppruni losunar gróðurhúsalofttegunda



E3 – Orkunotkun



E6 – Vatnsnotkun





Loftslagsmarkmið – Kolefnisjöfnun

Sem hluti af loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar hefur Verkís sett sér það markmið að stefna að því að verða kolefnishlutlaust árið 2030, m.a. með því að draga úr losun frá samgöngum, minnka umfang úrgangs og auka endurvinnslu. Stærsti hluti kolefnisspors fyrirtækisins kemur frá flugi vegna verkefna og er reynt að draga úr því eins og hægt er. Á síðasti ári var kolefnislosun 0,6 tCO₂ á hvern starfsmann og hefur það lækkað um 0,5 tonn frá fyrra ári. Síðasta ár hefur einnig opnað augu margra fyrir þeim möguleikum sem eru í boði til þess að takmarka óþarfa ferðalög, bæði flugferðir og bílferðir.

Verkís setti sér þá stefnu að kolefnisjafna fyrir allri þeirri losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir og stefnt var á að kolefnisjafna 100% fyrir árið 2019. Það markmið hefur náðst og gott betur en kolefnisjafnað var fyrir árin 2016 og 2017 með skógrækt en fyrir 2018 og 2019 með endurheimt votlendis.



Til að efla vistvænar samgöngur býður fyrirtækið starfsmönnum sínum samgöngustyrki og þáðu 85 starfsmenn styrk á síðasta ári, um 28%. Liður í því er að boðið er upp á góða aðstöðu fyrir reiðhjól og búningsaðstöðu.



Þegar fyrirtækið flutti í nýjar höfuðstöðvar í Ofanleiti voru umhverfissjónarmið notuð sem grundvöllur fyrir ákvarðanatöku. Búsetugreining starfsmanna Verkís var höfð til hliðsjónar, auk góðu aðgengi að almenningssamgöngum. Árið 2018 fékk Verkís fyrst gullvottun Hjólavottunar og á síðasta ári var sett markmið þess efnis að fá platínavottun Hjólavottunar árið 2021.



Starfsmönnum býðst afnot af fyrirtækjabílum, bæði vegna verkefna og í einkaerindum, sem hvetur en fremur til vistvænna samganga. Verkís hefur markvisst fjölgað vistvænum bílum og síðustu 3 ár hefur bæst einn nýr rafmagnsbíll í flotann á hverju ári. Þá eru hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsfólks við höfuðstöðvarnar í Ofanleiti.



Á árinu 2020 gaf Verkís Hjartavernd tölvubúnað sem ekki lengur var í notkun. Á myndinni er Pálmi Gunnarsson kerfisstjóri hjá Verkís og Jens Valur Ólason, kerfisstjóri hjá Hjartavernd, að taka við búnaðinum.

Verkís mun áfram bjóða starfsfólki að endurnýta þau raftæki sem falla til. Einnig bjóða sumir vélbúnaðarframleiðendur uppá það að taka gamlan tölvubúnað upp í þegar nýr búnaður er keyptur og hefur Verkís nýtt það þegar við á.

Markmiðið er að farga raftækjum á enn umhverfisvænni hátt, þannig að sem hæsta mögulega hlutfallið sé endurnýtt og endurunnið en í raftækjum er að finna verðmæt og sjaldgæf hráefni á borð við gull og aðra málma.










Mælikvarðar um umhverfi (Nasdaq viðmið)

	Eining	2020	2019
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda			
1) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 1	tCO ₂ e	18,6	21,2
Eldsneyti		18,6	21,2
2) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 2	tCO ₂ e	6,7	6,5
Rafmagn		6,7	6,5
3) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 3	tCO ₂ e	135,3	296,8
Eldsneyti (framleiðsla)		4,6	4,9
Flugferðir		17,7	154,6
Úrgangur		7,5	7,4
Rafmagn, hiti og vatn (dreifing)		1,8	1,8
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu		66,1	77,9
Aðföng		37,5	50,2
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda			
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð	tCO ₂ /starfsmann	0,6	1,1
E3. Orkunotkun			
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar	MWst	71,9	74,1
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWst	1.759	1.720
E4. Orkukræfni			
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/starfsmann	6,4	5,8
E5. Samsetning orku			
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum			
Endurnýjanleg orka	%	96%	96%
Jarðefnaeldsneyti	%	4%	4%
E6. Vatnsnotkun			
1) Heildarmagn af vatni sem er notað	m ³	29.955	26.879
E7. Umhverfisstarfsemi			
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	já/nei	Já	Já
3) Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Já	Já
E8. Loftslagseftirlit / stjórn			
1) Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur			
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	já/nei	Já	Já
E10. Mildun loftslagsáhættu			
1) Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISKm	9,8	29,1



Lykiltölur úr grænu bókhaldi





Félagslegir þættir (F)

UN GC Viðmið 3, 4, 5 og 6

Jafnrétti kynja



Á heimasíðu íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmiðin kemur fram að helstu áskoranir Íslands hvað varðar markmið 5. Jafnrétti kynjanna eru; kynjaskipting starfa á vinnumarkaði og kynbundið námsval, misvægi kynja í efstu lögum atvinnulífsins, að draga markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og að hækka hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof.

Hjá Verkís er unnið eftir jafnréttisáætlun sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Í áætluninni eru m.a. markmið um að tryggja að starfsfólki séu greidd sömu laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni, að gæta jafnræðis við allar ráðningar, auka hlut kvenna í tækni- og stjórnunarstörfum, að samræma vinnu og einkalíf á sem bestan máta og að vinna gegn kynferðislegu og kynbundnum ofbeldi. Þessi markmið fyrirtækisins endurspeglar vel áherslur Íslands um jafnrétti kynjanna.



99%

Hlutfall starfsfólks sem telur að Verkís leggi áherslu á jafnrétti kynjanna

Í árlegri viðhorfsskönnun starfsfólks Verkís eru nokkrar spurningar sem snúa að jafnrétti og sýna niðurstöðurnar að þessi þáttur er einn af styrkleikum fyrirtækisins. Starfsfólk

Verkís er mjög ánægt með hvernig staðið er að jafnréttismálum og heildareinkunn þáttarins er 4,56 (af 5 mögulegum). Spurningin „Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynjanna“ er með einkunnina 4,76 sem er önnur hæsta einkunnin í könnuninni. Sveigjanleiki í vinnu er einnig einn af styrkleikaþáttum Verkís í viðhorfsskönnuninni með heildareinkunnina 4,65 en sveigjanleiki í vinnu getur stuðlað að því að auka jafnrétti á vinnumarkaði. Spurningin „Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni“ er hæsta einkunnin í könnuninni með 4,85.



99%

Hlutfall starfsfólks sem er ánægt með sveigjanleika í starfi

Gættum að jafnrétti í launum




JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021

Árið 2012 var Verkís fyrst allra fyrirtækja á Íslandi til að hljóta gullmerki PwC en gullmerkið þýðir að óútskýrður launamunur á grunn- og heildarlaunum karla og kvenna er minni en 3,5% samkvæmt jafnlaunagreiningu PwC. Óútskýrður launamunur hjá Verkís greindist um 2% körlum í vil um og var það langlægsti munur sem PwC hafði séð á þeim tíma. Fyrirtækið fór aftur í gegnum jafnlaunagreiningu PwC árið 2018 og þá greindist launamunur körlum í vil um 1%. Verkís hlaut árið 2018 jafnlaunavottun BSI sem staðfestir að stjórnunarkerfi Verkís

er í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og enginn óútskýrður launamunur sé fyrir hendi hjá Verkís. Hins vegar er útskýrður launamunur 2,7% konum í óhag. Hafa skal í huga að sitthvort mælingatækið er notað við jafnlaunagreiningar hjá PwC og í úttektum hjá BSI sem skýrir þennan mun í niðurstöðum. Eftirfarandi niðurstöður eru frá launagreiningum vegna úttektar BSI.

2020: Kynbundinn útskýrður launamunur var 2,7% konum í óhag.


2019: Kynbundinn útskýrður launamunur 3,2% konum í óhag.



Aukum hlut kvenna í fyrirtækinu

Verkís hefur unnið að því lengi að auka hlut kvenna í fyrirtækinu og þá sérstaklega hjá tæknifólki og í stjórnunarstöðum. Undanfarin ár hefur hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu smám saman aukist og er nú heildarhlutfallið um 34%. Í efstu stjórnunarlögunum er hlutfall kvenna 41% og konur eru um 20% af útseldu tæknifólki. Árið 2019 var í fyrsta sinn í sögu Verkís kvenmaður kosinn stjórnarformaður en frá lagasetningu um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja árið 2010 hefur alltaf verið gætt að hlutfalli kvenna í stjórn fyrirtækisins.

Hlutfall kvenna 2020





Vinnum gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi

Í mannauðsstefnu Verkís kemur skýrt fram að einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni og önnur óviðeigandi hegðun er ekki liðin hjá fyrirtækinu og eru slík mál brot á starfsskyldum. Unnið er eftir sérstakri viðbragðsáætlun ef slík mál koma upp og er ákveðið teymi sem skoðar málin ásamt stjórnendum. Einnig koma utanaðkomandi sérfræðingar að málum þegar á þarf að halda. Reglulega er starfsfólk frætt um forvarnir og viðbrögð gegn einelti og kynbundnu ofbeldi.



Heilsa og vellíðan starfsfólks



Verkís leggur mikinn metnað í að búa starfsfólki sínu öruggt og heilbrigt starfsumhverfi. Fyrirtækið leggur áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu m.a. með því að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma. Fyrirtækið leggur árlega viðhorfskönnun fyrir starfsfólk til að mæla starfsánægju og líðan á vinnustað með það að markmiði að finna leiðir til gera betur og auka vellíðan og heilsu starfsfólks. Í áherslum Íslands í heimsmarkmiðunum getur Verkís helst stutt við það markmið að stuðla að almennu heilbrigði og vellíðan starfsfólks og minnka líkur á langvinnum sjúkdómum sem tengja má við lífstíl.

Stuðlum að almennu heilbrigði og vellíðan

Reglulega er boðið upp á fræðslu um heilsutengd málefni eins og t.d. streitu, hreyfingu, svefn, mataræði og fleira. Árið 2020 var krefjandi ár sökum Covid-19 en reynt var að bjóða upp á fræðslu um heilsutengd málefni eins og fyrri ár þó hún hafi verið aðlöguð að hefði verið útfært með tilliti til sóttvarna og takmarkanna. Sálfræðingur var fengin til að vera með fyrirlestur á netinu um hagnýtt hugarfar og gagnleg verkfæri á COVID tímum þar sem var farið yfir hvernig hægt er að láta sér líða vel á þessum krefjandi tímum. Einnig var boðið upp á létt jóga í gegnum netið sem og núvitundaræfingar sem allir gátu tekið þátt í.

Verkís býður starfsfólki árlega upp á heilsufarsskoðun til að fylgjast með almennri heilsu og er alltaf mjög góð þátttaka í því. Einnig býður fyrirtækið upp á bólusetningu gegn árlegri influensu þar sem heilbrigðisstarfsfólk mætir í fyrirtækið til að auðvelda starfsfólki aðgengi. Verkís tekur þátt í kostnaði starfsfólks við íþróttaiðkun og almenna heilsubót með það að markmiði að auka líkamlega og andlega heilsu starfsfólks. Verkís er með samning við vinnusálfræðing og trúnaðarlækni og býðst starfsfólki að nýta sér þá þjónustu þegar á þarf að halda.

Fyrirtækið hvetur einnig starfsfólks til almennrar heilsubótar m.a. með því að taka þátt í ýmsum hreyfiviðburðum eins og Hjólað í vinnuna, Lifshlaupinu og heimasníðaðri sundlaugakeppni. Frá upphafi hefur Verkís hafnað ofarlega í þessum keppnum enda mikill metnaður fyrir hendi.






Sköpum heilsusamlegt og styðjandi vinnumhverfi

Niðurstöður úr árlegri viðhorfsskönnun sýna að starfsfólk Verkís er almennt mjög ánægt í starfi hjá Verkís en heildareinkunn fyrirtækisins árið 2020 var 4,26 (af 5 mögulegum). Í könnuninni er spurt um níu lykilþætti í innra starfsumhverfi fyrirtækja m.a um vinnuáðstöðu, stjórnun, ánægju og stolt, sveigjanleika í starfi, starfsanda og fleira sem hefur áhrif á vellíðan og ánægju starfsfólks í vinnu. Eins og fram kom í kaflanum um jafnrétti voru þættirnir um sveigjanleika í vinnu og jafnréttismál helstu styrkleikar fyrirtækisins en einnig er starfsfólk mjög ánægt með starfsandann (4,46) og það er mikil starfsánægja og stolt sem starfsfólk finnur fyrir (4,37).

Í samanburði við önnur fyrirtæki stendur Verkís sig mjög vel og er vel fyrir ofan meðallag í flest öllum þáttum könnunarinnar. Könnunin var lögð fyrir í byrjun árs 2020, skömmu áður en heimsfaraldurinn Covid-19 skall á, og athyglisvert verður að sjá í næstu könnun hvort og þá hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á vellíðan og heilsu starfsfólks.

Viðhorfsskönnun 2020



Öryggi starfsfólks



Verkís stýrir öryggis-, heilbrigðis- og vinnumhverfismálum með vottuðu öryggis-stjórnunarkerfi skv. ISO 45001 með því markmiði að tryggja öruggt og heilbriggt vinnumhverfi starfsmanna. Árið 2020 var öryggisstjórnunarkerfið uppfært úr OHSAS 18001 í ISO 45001. Verkís leggur áherslu á að allir komi heilir heim og að efla öryggisvitund starfsfólks í daglegu lífi sem og í verkefnum á vegum fyrirtækisins. Fylgst er með frammistöðu í málaflokknum út frá skilgreindum þáttum, þ.á.m skráning á atvikum. Árið 2020 varð eitt fjarveruslys þegar starfsmaður var á leið til vinnu. Atvikið var tilkynnt til Vinnueftirlits og Slysatrygginga Íslands.

Helstu áskoranir öryggismála árið 2020 var Covid-19 faraldurinn og smit- og sóttvarnir vegna þessa á vinnustöðum Verkís. Fjöldatakmörkanir og reglur um grímunotkun voru settar í samræmi við gildandi takmörkanir í samfélaginu hverju sinni. Vert er að benda á að engin smit hafa dreift innan starfstöðva Verkís þó upp hafi komið smit á vinnustöðum.

Áfram var staðið að reglubundinni fræðslu um öryggismál fyrir starfsfólk, bæði almenn fræðsla og fræðsla um öryggismál í sérstökum störfum, s.s. í eftirliti á verkstað. Þá er starfsmönnum, mökum og stálpuðum börnum þeirra boðið upp á skyndihjálparnámskeið og árið 2020 voru þau námskeið aðlöguð að aðstæðum í þjóðfélaginu og sóttvörnum vegna Covid-19 faraldurs.

Í árlegri viðhorfsskönnun starfsfólks er spurt um ánægju með öryggi hjá Verkís og fellur sú spurning undir þáttinn um vinnuskilyrði. Starfsfólk er almennt mjög ánægt með hvernig Verkís stendur að öryggismálum fyrirtækisins og fékk sú spurning einkunnina 4,73 (af 5 mögulegum) og var ein af fimm hæstu einkunnum hjá Verkís.



S7 - Vinnuslysatiðni

0,4

LTIFR, þ.e. 1 fjarveruslys á árinu 2020 þegar starfsmaður var á leið til vinnu.



Mælikvarðar um félagslega þætti (Nasdaq viðmið)

Félagslegir þættir	Eining	2020	2019
S1. Launahlutfall forstjóra			
1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi		2,2	2,3
2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Nei	Nei
S2. Launamunur kynja			
1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna		1,0	1,0
S3. Starfsmannavelta			
1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	%	7%	4%
2) Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum	%		
3) Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum	%		
S4. Kynjafjölbreytni			
1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum			
Karlar	%	67%	67%
Konur	%	33%	33%
2) Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum			
Karlar	%	59%	62%
Konur	%	41%	38%
3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum			
Karlar	%	67%	61%
Konur	%	33%	39%
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta			
1) Prósentu starfsmanna í hlutastarfi	%	4%	3%
2) Prósentu þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	%	0%	0%
S6. Aðgerðir gegn mismunun			
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já
S7. Vinnuslysafíðni			
1) Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslisins í prósentum (slys/200.000 vinnustundir)		0,4	0,0
S8. Hnattræn heilsa og öryggi			
1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	já/nei	Já	Já
S9. Barna- og nauðungarvinna			
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Nei	Nei
S10. Mannréttindi			
1) Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Nei	Nei



Stjórnarhættir (S)

UN GC Viðmið 1, 2 og 10

Stjórnarhættir Verkís taka mið af lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Þá fylgir Verkís leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Um starfsemi hlutafélagsins gilda samþykktir sem það starfar eftir. Félagið er í eigu um 90 einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækinu.

Mannréttindi



Verkís leggur áherslu á að styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend og erlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Verkís hafnar með öllu mannréttindabrotum, s.s. nauðungar- og þrælkunarvinnu, þ.m.t. barnaþrælkun og hefur skýra sýn og stefnu um að gerast ekki meðsek um slík brot.

Með markvissri stefnu og ferlum vill fyrirtækið hvetja til aukinnar samfélagslegrar vitundar og ábyrgðar.

Fyrirtækið leggur áherslu á að starfsfólki sé búinn farvegur til að koma slíkum málefnum á framfæri. Sérstakur vettvangur er til staðar í ábendingakerfi Verkís til að koma tilkynningum á framfæri um samfélagslega ábyrgð og möguleiki er til staðar að merkja skráninguna sem trúnaðarmál.

Gegn spillingu

Verkís starfar í samræmi við siðareglur, og hvetur starfsfólk til að koma á framfæri ábendingum um mögulega siðferðisbresti, jafnt innanhúss sem utan. Þá vinnur Verkís gegn spillingu og mansali, hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka, peningaþvætti, broti gegn umhverfi og náttúru ásamt öðrum ólöglegum athöfnum eða athöfnum sem stangast á við góða og almennt viðurkennda háttsemi. Við siðferðismat horfir fyrirtækið til viðurkenndra viðmiða, s.s. ISO26000 og siðareglum Félags ráðgjafaverkfræðinga.



Mælikvarðar um stjórnarhætti (Nasdaq viðmið)

Stjórnarhættir	Eining	2020	2019
G1. Kynjahlutfall í stjórn			
1) Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	%	33%	43%
2) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	%		
G2. Óhæði stjórnar			
1) Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já
2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	%	0%	0%
G3. Kaupaukar			
1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei
G4. Kjarasamningar			
1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%
G5. Siðareglur birgja			
1) Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	Nei	Nei
2) Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?		0%	0%
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu			
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	Já	Já
2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	0%	0%
G7. Persónuvernd			
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	já/nei	Já	Já
2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já
G8. Sjálfbæriskýrsla			
1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já	Já
2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Já	Já
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf			
1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Já	Já
2) Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já
3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?	já/nei	Já	Já
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila			
1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	já/nei	KPMG	KPMG



Ráðgjöf Verkís á sviði sjálfbærni



Verkís hefur sett sér stefnu um að vera leiðandi á sviði vistvænnar hönnunar og hafa sjálfbærni að leiðarljósi í sinni vinnu. Hönnuðir Verkís hafa komið að hönnun vistvænna mannvirkja en í þeim er hugað að vellíðan þeirra sem eiga að nota byggingarnar og sjá hönnuðir um að tryggja m.a. góða útfærslu lýsingar og rétta nýtingu dagsbirtu, hitastýringar og góða loftræsingu og hljóðvist. Þá er einnig hugað að orkusparnaði, vali á byggingarefnum, aðstöðu fyrir vistvænar samgöngur, aðstöðu til flokkunar á úrgangi og lágmörkun á mengun vegna framkvæmda og rekstrar. Verkís hefur á að skipa ráðgjöfum sem hafa réttindi til að vistvotta byggingar t.d. skv. Breeam vistvottunarkerfinu auk annarra kerfa.

Verkís er leiðandi á sviði ráðgjafar og hönnunar fyrir umhverfisvæna orkuvinnslu og hefur tekið veigamikinn þátt í uppbyggingu slíkrar orkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur tekið þátt í hönnun flestra virkjana hérlendis frá miðbiki tuttugustu aldar og er aðalhönnuður fjölda virkjana á landinu, bæði jarðvarma- og vatnsaflsvirkjana. Einnig hefur fyrirtækið séð um hönnun nokkurra virkjana á erlendri grundu eins og á Grænlandi, í El Salvador, Georgíu, Noregi, Tyrklandi og fleiri löndum.

Verkís gegnir líka mikilvægu hlutverki í kennslu og uppbyggingu á þekkingu við notkun sjálfbærrar orku erlendis. Starfsfólk hefur um áraraðir kennt nemendum við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en skólinn er mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð Íslendinga.



Einnig vinnur Verkís að annarri umhverfisvænni orkuvinnslu eins og vindorku, sjávarfallaorku og nýtingu afgangsvarma með tvívökvavirkjunum.



Orkuskipti í Akureyrarhöfn



Í júní 2020 undirrituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Pétur Ólafsson, hafnarstjóri á Akureyri, samning um styrkveitingu ríkisstjórnarinnar til rafvæðingar hafnarinnar að upphæð 43,8 milljóna króna.

Verkís hefur komið að hönnun og gerð útboðsgagna fyrir lagnir, veituhús, rafmagns og vatnsbrunna vegna lengingar á Tangarbryggju. Verkís mun nú í framhaldinu fara í hönnun og gerð útboðsgagna fyrir rafvæðingu hafnarinnar þar sem settir verða staðlaðir 350A lágsþennutenglar með spennu og tíðnibreyti þannig að hægt sé að bjóða stærri fiskiskipum, fraktskipum, rannsóknarskipum og minni skemmtiferðaskipum möguleikann á landtengingu.

Smellið hér til að lesa meira



Stækkun Reykjanesvirkjunar



Reykjanesvirkjun verður stækkuð úr 100 MW í 130 MW á næstu tveimur árum án þess að boraðar verði nýjar holur. Um 200°C heitur jarðhitavökvi sem fellur til við vinnslu fyrstu 100 MW er nýttur til raforkuframleiðslunnar. Verkís sá um alla verkfræðilega hönnun verkefnisins og verkefnastjórn á útboðshönnunarstigi verkefnisins.

Stækkunin byggir á þekktri vinnsluaðferð jarðvarmavökva til raforkuframleiðslu. Með nýrri gufuskiljutæki er hægt að vinna með yfirmettaðan jarðhitavökva og útfellingar sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkrar vinnsluaðferðar. HS Orka og Verkís, í samstarfi við Kemíu, þróuðu tilraunaverkefni sem sneri að því að beita nýrri gufuskiljutækni sem á að geta séð um að hvellsjóða jarðhitavökvann niður á lægri þrýstiprep til að framleiða gufu.

Smellið hér til að lesa meira



Ný byggð á Ártúnshöfða



Frá árinu 2017 hefur Verkís veitt ráðgjöf vegna gerð þriggja deiliskipulaga fyrir hluta nýrrar byggðar á Ártúnshöfða í Reykjavík. Á næstu árum mun verða mikil breyting á Ártúnshöfða og svæðinu við Elliðaárvog þar sem grófur iðnaður mun víkja fyrir uppbyggingu íbúða og almennri atvinnustarfsemi og þjónustu.

Við verkefnið er góð nýting lands og innviða hörð að leiðarljósi og áherslur á vistvænt borgarhverfi með fólk í fyrirrúmi. Áætlað er að fullbyggt hverfi geti rúmað allt að 13 þúsund íbúa auk ýmis konar þjónustu og atvinnustarfsemi. Uppbyggingin mun tengjast nýrri borgarlínu á samgönguási frá vestri til austurs.

Miðlæg staðsetning Ártúnshöfða og áhersla á öflugar almenningssamgöngur mun því stytta vegalengdir innan borgarinnar og styðja við umhverfissvæna þróun Reykjavíkurborgar með þéttari og nútímalegri borgarþróun. Verkís veitir ráðgjöf um samgöngumál og ofanvatnslausnir til þeirra sem sjá um gerð deiliskipulaganna. Verkís sér einnig um forhönnun á þremur helstu götum innan hverfisins. Á árinu 2020 vann Verkís að vistvottun hverfisins samkvæmt BREEAM Communities.

Smellið hér til að lesa meira



Stapaskóli í Reykjaneshæ



Nýr skóli í Reykjaneshæ, Stapaskóli, tók til starfa haustið 2020. Verkís sá um fullnaðarhönnun allra verkfræðipátta og hefur lýsingarhönnun skólans, sem Verkís annaðist einnig, verið tilnefnd til Darc Awards lýsingarverðlaunanna. Verkís hannaði lýsingu skólans í samvinnu við Arkís arkitekta. Hugmyndin með lýsingarhönnuninni fyrir Stapaskóla var að skapa sveigjanlega lýsingu fyrir nemendur og kennara, en lýsingin var einnig hönnuð til að hafa áhrif á hegðun nemenda og skapa jafnvægi milli virkra og rólegra svæða.

Í skólanum er boðið uppá fjölbreytt vinnuumhverfi fyrri nemendur, þannig að þeir geta valið hvernig þeir sitja, standa eða liggja. Húsgögnin eru því mismunandi og aðstæður mismunandi fyrir krakkana. Nemendum býðst einnig að fara út úr skólastofunni inn í lesrými og vinnubása og jafnvel skella sér á klifurvegginn ef þeir þurfa að losa orku. Reynslan er góð enda var hugað vel að hljóðvist og fleiri þáttum við byggingu skólans.

Smellið hér til að lesa meira



Stækkun Ngawha jarðvarmavirkjunar á Nýja Sjálandi



Nýsjálenska fyrirtækið Top Energy hefur unnið að stækkun Ngawha, jarðvarmavirkjun á Nýja Sjálandi. Verkís sá um verkhönnun gufuskilju vegna stækkunarinnar og skilar skiljan 99,995% gufugæðum. Með stækkuninni eykst afkastageta virkjunarinnar um 32 MW.

Verið er að smíða og setja upp tvær aðrar gufuskiljur frá Verkís á Nýja Sjálandi og verður spennandi að sjá hvernig þær reynast á komandi mánuðum.

Smellið hér til að lesa meira



Endurbætur á lóð grunnskólans í Borgarnesi



Sumarið 2020 hófust framkvæmdir á lóð grunnskólans í Borgarnesi. Það eru miklar breytingar og endurbætur á útisvæði nemenda. Landslagsarkitektar hjá Verkís sáu um lóðahönnun.

Á lóðinni er gert ráð fyrir útikennslustofu, útisviði og setpöllum, hengirúmum, sjóræningjaskipi, ýmsum leiktækjum og fleiru.. Í vistræktarhönnun felst meðal annars að tengjast betur nánasta umhverfi sínu og náttúru. Hönnun lóðarinnar gefur færi á að auka fjölbreytileika gróðurs og lífkerfis á skólalóðinni, gefur jafnvel möguleika á að rækta matjurtir og tengja þannig ræktun við kennsluna.

Smellið hér til að lesa meira



Vöktun fuglalífs vegna framkvæmda við Klettagarða



Verkís vaktaði fuglalíf og sá um talningu fugla við Klettagarða í Reykjavík. Þar hafa verið framkvæmdir við gerð landfyllingar sem virtust ekki trufla fugla á svæðinu. Breytingar mátti rekja til eðlilegra árstíðabreytinga. Framkvæmdasvæðið sem um ræðir er í Laugarnesi og er framhald landfyllingar sem er austan við það. Fjaran sem fer undir landfyllingu er að mestu manngerð fyrir. Ekki er því um að ræða að varpbúsvæði fugla fari undir landfyllingu og rask af hennar völdum, heldur mun eitthvað af svæðum sem nýtt eru til fæðuöflunar fara undir fyllinguna.

Meðan talningar fóru fram var verið að vinna við landfyllinguna og komu vörubílar með grjót og efni sem þeir sturtuðu og vinnuvélar ýttu og færðu efnið til. Það var greinilegt að fuglarnir voru orðnir vanir framkvæmdunum því skarpar og máfar sem sátu í skerinu norður af landfyllingunni kipptu sér ekkert upp við það þótt vörubíll sturtaði grjóti skammt frá með tilheyrandi látum.

Smellið hér til að lesa meira



Tenging Árbæjaræðar við Suðuræð



Haustið 2020 var ný stofnæð, Árbæjaræð, tengd við Suðuræð. Þetta var gert svo tengja mætti heimili og fyrirtæki í Árbæ- og Seláshverfi inn á Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun í stað borholna í Reykjavík og Mosfellsbæ. Verkís hafði umsjón með Árbæjaræð fyrir hönd Veitna.

Með aukinni notkun á heitu vatni, m.a. vegna fjölgunar íbúa og þéttingu byggðar, hefur álag á jarðhitageyminn sem fæðir borholurnar á lághitasvæðunum aukist og þurfi að bregðast við því. Framkvæmdin er liður í því að þessi mikilvægu lághitasvæði nýtist íbúum höfuðborgarsvæðisins til langrar framtíðar

Smellið hér til að lesa meira



Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi



Sumarið 2020 var tekin í notkun ný flokkunarlína í móttökustöð SORPU í Gufunesi en það er veigamikið skref í aðdraganda þess að hafin verði tilraunavinnsla í nýrri gas- og jarðgerðarstöð (GAJA) í Álfsnesi sem var formlega opnuð 18. júní. Verkís sinnti framkvæmdaeftirliti við byggingu stöðvarinnar.

Nýja flokkunarlínan tekur við lífrænum úrgangi heimila á höfuðborgarsvæðinu, hreinsar úr honum plast og málma og býr til hreinan efnisstraum sem er hæfur til vinnslu í GAJA. Þegar stöðin kemst í fullan rekstur síðar í sumar verður hætt að urða lífrænan úrgang frá heimilum á svæðinu í stað þess verða unnin úr honum gas- og jarðgerðarefni. Verkefnið er stórt skref í umhverfismálum á höfuðborgarsvæðinu.

Smellið hér til að lesa meira



Fornebubanen í Noregi



Framkvæmdir við stærsta neðanjarðarlestarkerfi í Noregi í seinni tíð, Fornebubanen, hófst í október 2020. Verkís sér um óháða rýni á hönnun og framkvæmdum vegna verkefnisins. Framkvæmdin er mjög umfangsmikil og verður leiðin rúmlega 8 km löng. Áætlað er að hægt verði að taka leiðina í notkun árið 2027.

Með nýju lestarkerfi neðanjarðar er íbúum á svæðinu gefinn kostur á góðum og skilvirkum samgöngum. Þá er hægt að draga úr bílaumferð á vegum og þar af leiðandi mengun. Verkefnið þykir mikilvægt fyrir framtíðarvöxt Oslóar-svæðisins.

Smellið hér til að lesa meira